Nr. 51.
16.
nóvbr.

# Lög

um

## vitagjald af skipum.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir hvert skip, að undanskildum herskipum og skemtiskútum, er leggst á höfn einhversstaðar á Íslandi, skal greiða í vitagjald 20 aura fyrir hverja smálest (tonn) af rúmmáli skipsins.

Gjaldið skal greitt á þeirri höfn, sem skipið kemur fyrst á.

Skip, sem að eins eru höfð til innanlands siglinga, greiða vitagjald að eins einu sinni á ári; önnur skip greiða vitagjald í hvert skipti, sem þau koma í höfn á Íslandi frá útlöndum.

Íslenzk fiskiskip eru undanþegin vitagjaldi; þó skulu þau greiða gjaldið, ef þau koma frá útlöndum.

Ráðherra Íslands hefur heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gjörð út til fiskiveiða hjer við land.

2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð og skal lögreglustjóri eða sá maður (hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns), sem hefur á hendi afgreiðslu útlendra skipa á staðnum, innheimta það gegn löglegri kvittun. Af fiskiskipum ber innheimtumanni 20% af gjaldi þessu.

Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til landssjóðs, að svo miklu leyti sem atferli skipstjóra á ekki að sæta þyngri hegningu.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

Nr. 51.
16.
Novbr.

om

## Fyrafgift af Skibe.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ethvert Skib, Orlogsskibe og Lystfartøjer undtagne, der gaar i Havn et Sted i Island, erlægger i Fyrafgift 20 Øre pr. Ton af Skibets Drægtighed.

Afgiften erlægges i den Havn, som Skibet først anløber.

Skibe, der alene anvendes i den indenlandske Fart, erlægge kun Afgiften een Gang om Aaret; andre Skibe erlægge den hver Gang de komme i islandsk Havn efter at have anløbet Havn udenfor Island.

Islandske Fiskerfartøjer ere fritagne for Fyrafgift, medmindre de have anløbet Havn udenfor Island.

Islands Minister bemyndiges til at træffe Overenskomst med fremmede Magter om Erlæggelse af Fyrafgiften for de derfra til Fiskeri under Island udrustede Skibe.

§ 2.

Fyrafgiften tilfalder Landskassen, og bør Politimesteren eller den Mand (Repstyrer eller Sysselmandens befuldmægtigede), hvem Klarering af udenlandske Skibe paahviler, opkræve den mod lovlig Kvittering. Af den af Fiskerskibe erlagte Fyrafgift erholder Inkassator 20 %.

Skibsføreren er pligtig at forevise Skibsjournalen for Politimesteren eller hans befuldmægtigede.

§ 3.

For Overtrædelse af denne Lov straffes Skibsføreren med Bøder til Landskassen af 10—200 Kr., for saa vidt hans Forhold ikke medfører højere Straf.

Nr. 51.
16.
nóvbr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1909, og frá sama tíma eru lög um vitagjald af skipum frá 10. okt. 1879 úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 16. nóvember 1907.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

§ 4. Nr. 51. 16. Novbr.

Denne Lov træder i Kraft 1. Januar 1909, og ophæves fra samme Tid Lov om Fyrafgift af Skibe af 10. Oktober 1879.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 16. November 1907.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*